

## 385. Stjórnarfundur haldinn 14. des. 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingbergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ afgreiðslu á umsókn skotdeildar í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. Erindinu var hafnað. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/ samþykktu tillagna 47. samþings UMFÍ. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Þorsteini Magnússyni formanni knattspyrnudeildar v/ beiðni um heimild til handar mfl.kvenna v/ áframhaldandi yfirdráttar til 31.des 2012 að upphæð ein milljón króna. **Samþykkt að veita þessa heimild.**

### 3. Send bréf.

Engin.

### 4. Jólblað Keflavíkur.

EH skýrði frá afkomu blaðsins og góðum viðtökum frá bæjarbúum. Stjórnin ánægð með afkomu og efnistöku í blaðinu. 9. flokkur drengja í körfu sá um að dreifa blaðinu.

### 5. Íþróttamaður Keflavíkur.

Tilnefningar á íþróttamanni hveftrar deilda lá fyrir ásamt umsögn. Farið var yfir árangur viðkomandi einstaklinga og tekin ákvörðun um íþróttamann Keflavíkur 2011. (nafnið sett inn síðar). **Ákveðið að vera með hóf til að útnefna íþróttamann Keflavíkur og íþróttamenn deilda þann 28. desember kl. 20:00 og vera með sama sniði og verið hefur undanfarin ár. Framkvæmdastjóra falið að sjá um framgang málsins.**

### 6. Formannafundur.

Ákveðið að boða til formannafundar þann 3. janúar 2012 kl. 20:00 í félagsheimili okkar. **Framkvæmdastjóra falið að boða til fundarins.**

### 7. Önnur mál.

EH lagði fram undirritaðan leigusamning v/ Hringbrautar 108.

EH og ÞMK veitt fullt umboð til að skrifa undir skilmálabreytingu á láni körfuknattleiksdeildar Keflavíkur við Landsbanka Íslands Keflavíkurútbúi.

EH minnti á kjör á íþróttamanni RNB á gamlársgangi í íþróttahúsinu í Njarðvík kl. 13:00. Umræður um klæðaburð á okkar fólki sem er að taka á móti viðurkenningu fyrir íslandsmeistaratitil. Framkvæmdastjóra falið að kanna með kostnað á bolum með okkar logói á.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði SG